



Stórtónleikar hjá Óperukórnum í Reykjavík.

Kæri viðtakandi.

Við hjá Óperukórnum í Reykjavík leitum eftir stuðningi fyrir einstakan viðburð, sem fram fer þann 27. janúar 2025 í Eldborg, Hörpu. Á þessum degi, sem er fæðingardagur Wolfgangs Amadeusar Mozarts, mun kórinn flytja hina undurfallegu Sálumessu Mozarts ásamt úrvals hljóðfæraleikurum og einsöngvurum, undir stjórn Arons Cortes.

Við minnumst á þennan hátt eins mesta snillings tónlistarsögunnar og á sama tíma látinna ástvina.

Að halda tónleika í Eldborg er töluverð áskorun fyrir Óperukórinn, sem gefur ætíð sína vinnu og hefur ekki digra sjóði að leita í. Í heildina mun kostnaður verða rúmlega 6 milljónir og vegur þar salarleigan þyngst.

Til þess að gera þetta metnaðarfulla verkefni að veruleika þurfum við því stuðning opinberra aðila og fyrirtækja, sem vilja eins og Óperukórinn leggja sitt af mörkum til íslensks menningarlífs.

Við gefum út glæsilega tónleikaskrá með upplýsingum um verkið og flutninginn, ásamt nokkrum blaðsíðum fyrir auglýsingar. Möguleikar til styrkveitinga í tengslum við tónleikaskrá eru eftirfarandi:

1. Í minningu látins ásvinar, nafn í söngskrá 10.000
2. Styrktarlína 25.000 – 50.000
3. Styrktarlína með lógói styrkveitanda 100.000
4. Hálf síðuauglýsing 300.000
5. Heil síðuauglýsing 500.000
6. Tónleikarnir eru í boði xxx, ef styrkur er enn hærri.

Hefð er einnig fyrir styrkjum í tengslum við tónleika Óperukórsins, þar sem styrkveitandi vill ekki láta nafns síns getið. Þeir styrkir eru gjarnan á bilinu frá 50.000 og upp í 1.000.000.

Nánari upplýsingar gefa:

Íris Sveinsdóttir, iris@harbaer.is sími: 661-1881

Þuríður G. Sigurðardóttir, thuridur@laut.is, sími 865-5822

Með ósk um góðar undirtektir,

Íris Sveinsdóttir, formaður Óperukórsins í Reykjavík,

Þuríður G. Sigurðardóttir, gjaldkeri.